

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – apríl 2024

## Skráð atvinnuleysi í apríl var 3,6%

Skráð atvinnuleysi í apríl var 3,6% og lækkaði úr 3,8% frá mars. Í apríl 2023 var atvinnuleysið hins vegar 3,3%.

Að meðaltali var 7.291 atvinnulaus í apríl, 4.154 karlar og 3.137 konur. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 227 frá mars.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í apríl eða 6,2% og lækkaði úr 6,5% frá mars.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra eða 1,6%.

Alls komu inn 390 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í apríl.


Atvinnulausir voru 7.515 í lok apríl, 4.191 karl og 3.324 konur.

Í apríl 2024 gaf Vinnumálastofnun út 293 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 225 á höfuðborgarsvæðinu.

Í apríl voru 249 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 16 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi í maí gæti orðið á bilinu 3,3% til 3,6%.

Próun atvinnuleysis frá apríl 2022 til apríl 2024




### Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi lækkaði á flestum stöðum á landinu frá mars, nema á Norðurlandi vestra þar sem það hækkaði úr 1,5% í 1,6%. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í apríl eða 6,2% og lækkaði úr 6,5% frá mars. Næst mest var atvinnuleysið 3,7% á höfuðborgarsvæðinu í apríl. Atvinnuleysi var 3,5% á landsbyggðinni í apríl.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,6% og 2,3% á Vesturlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í mars og apríl.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á fjórum svæðum á landinu í apríl, það er á Suðurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 3,0% og 3,6% meðal kvenna, á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,0% og 2,8% meðal kvenna, á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 5,6% og 7,0% meðal kvenna og á Vesturlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,1% og 2,6% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í apríl.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



### Greining atvinnuleysis

## Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.515 í lok apríl, 4.191 karl og 3.324 konur. Fækkaði atvinnulausum körlum um 219 frá marslokum en atvinnulausum konum fækkaði um 46.

Alls voru 775 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok apríl og fækkaði um 63 frá mars.

Alls höfðu 1.302 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok apríl 2024 og fjölgaði um 49 frá mars. Í apríl 2023 var fjöldi þeirra hins vegar 1.552 og nemur fækkunin 250 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.984 í apríl síðastliðnum en voru 1.531 í apríl 2023.

### Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði í flestum atvinnugreinum í apríl, mest var fækkunin í verslun og vöruflutningum, Listum,



tómstundum og líkum greinum og í ýmiss konar þjónustustarfsemi.

Atvinnulausum fjölgaði lítillega í lok apríl í þremur atvinnugreinum, mest þó í sorpi og veitum.

erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.


Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok apríl 2024

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



### Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 4.163 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok apríl og fækkaði um 118 frá mars. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 55% í lok apríl.



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.758 sem er um 42% allra


## Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

### Atvinnuleyfi


Í apríl 2024 gaf Vinnumálastofnun út 293 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 225 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 137 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 156 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í apríl, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðiþekkingar eða 113 leyfi. Þá voru gefin út 42 leyfi vegna skorts á vinnuafl og eins 42 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í apríl voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 43%, 18% vegna þjónustustarfa og eins 18% vegna starfa sérhæfðs iðnverkafélks. Um 21% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í apríl 2024



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, apríl 2024



## Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar var 41 erlent þjónustufyrirtæki starfandi í apríl 2024 með samtals 279 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 559 í apríl á vegum 18 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 47%, 18% frá Litháen og 13% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 22% starfsmanna komu frá 18 öðrum ríkjum.

## Atvinnuleit og vinnumiðlun

# Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í apríl 2024 voru gefin út 78 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 41 einstaklingur. Fimm fóru til Tékklands og fjórir fóru til bæði Danmerkur og Spánnar. Þá voru gefin út 24 vottorð til viðbótar til 13 annarra ríkja.

## Vinnumiðlun

# Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 390 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í apríl. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 300 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 37% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 32% á Suðurlandi og 11% á Norðurlandi eystra. Þá eru 20% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í apríl 2024



## Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og nýsköpun og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í apríl voru 249 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 16 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 172 einstaklingar.

## Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistölugr úr frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.